

laun, en aðeins lagt það á vald dómstólanna að meta þau, eins og siglingalögin gera ráð fyrir, þegar aðiljar verða ekki ásáttir í því efni. Með tilliti til þessa svo og þess, að skv. framangreindum málsúrslitum er síður en svo unnt að segja, að stefndu hafi tapað málinu að verulegu leyti (sbr. 177. gr. laga nr. 85 1936), og þess, að flutningur málsins af hendi stefnanda virðist hafa verið mjög fyrirhafnarlítill, enda ekki aflað neinna gagna að ráði, þá þykir rétt að tildæma stefnanda aðeins málskostnað, sem samsvavar rúmlega útlögðum gjöldum, eða kr. 550.00.

Réttinn skipuðu: hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Hafsteinn Bergþórsson, framkvæmdarstjóri, og Ólafur Th. Sveinsson, skipaskoðunarstjóri.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Geir H. Zoëga, f. h. eigenda og váttryggjenda b/v Lincolnshire G. Y. 251, greiði stefnandanum Pálma Loftssyni f. h. Skipaútgerðar ríkisins, kr. 68000.00 með 5% ársvöxtum frá 2. des. 1938 til greiðsludags og kr. 550.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. nóvember 1939.

Nr. 93/1938. **Aage Schiöth** (Lárus Jóhannesson)
gegn

Sjúkrasamlagi Akureyrar

(Guðmundur I. Guðmundsson).

Um skyldu sjúkrasamlags til greiðslu lyfja, er samlagsmenn fengu í lyfjabúð utan samlagsumdæmis.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. sept. f. á. að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. samkvæmt 25. gr. laga nr. 112/1935. Krefst

hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 28.85 með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1938 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi hefir krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Krafa áfrýjanda er af því risin, að nokkrir félagsmenn Sjúkrasamlags Akureyrar fengu lyf í lyfjabúð hans á Siglufirði árin 1936 og 1937. Sýndu þeir skilríki fyrir því, að þeir hefðu goldið stefnda iðgjöld, og greiddu $\frac{1}{4}$ hluta lyfjaverðsins, en telja verður, að með því hafi þeir vísað áfrýjanda á stefnda til greiðslu á eftirstöðvunum. Samkvæmt 38. gr. laga um alþýðutryggingar nr. 26/1936, er þá voru í gildi, áttu félagsmennirnir rétt til sjúkrastyrks frá stefnda, þótt þeir veiktust utan samlagssvæðis síns, en þó eigi hærrí en ef þeir hefðu veikzt á samlagssvæðinu. Þeim var því rétt að vísa á stefnda um greiðslu, eins og að framan segir, en stefnda var vitanlega eigi skylt að greiða áfrýjanda önnur lyf né með hærra verði en orðið hefði, ef félagsmennirnir hefðu veikzt á samlagssvæði Akureyrar. Nú hefir stefndi engum mótbárum hreyft að því leyti gegn reikningi áfrýjanda, og verður því að dæma hann til að greiða kröfu áfrýjanda að fullu með vöxtum, eins og krafizt er.

Samkvæmt þessum málalokum verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í hér-
aði og fyrir hæstarétti, er ákveðst samtals kr. 400.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sjúkrasamlag Akureyrar, greiði á-
frýjanda, Aage Schiöth, kr. 28.85 ásamt 5%

ársvöxtum frá 1. janúar 1938 til greiðsludags og samtals kr. 400.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 20. júní 1938.

Með stefnu, dags. 24. maí s. l., krefst stefnandinn, Aage Schiöth, lyfsali, Siglufirði, að stefnd, Stjórn Sjúkrasamlags Akureyrar fyrir hönd Sjúkrasamlags Akureyrar, verði dæmd til þess að greiða sér kr. 28.85 með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1938 fyrir lyf, sem nokkrir í stefnunni nefndir félagar í Sjúkrasamlagi Akureyrar hafa tekið út utan samlagssvæðis í lyfjabúð stefnanda. Svo krefst og stefnandi málskostnaðar að skaðlausu, sem í máflutningnum er krafizt með kr. 112.24. Umboðsmaður stefndu krefst, að stefnd verði sýknuð, fái tildæmdar kr. 60.00 í málsvarnarlaun og kr. 100.00 í ferðakostnað. Í hinni umstefndu kröfu eru aðeins innifalin $\frac{3}{4}$ úttekinna lyfja.

Stefndindi heldur því fram, að í 30. gr. alþýðutryggingalaganna felist skylda hvers sjúkrasamlags til þess að greiða lyfjabúð $\frac{3}{4}$ úttektar lyfja samlagsmanna einnig utan samlagssvæðis, þó þannig, að aldrei sé skylda hlutaðeigandi samlags rikari en hún væri gagnvart samlaginu, ef úttektin hefði farið fram innan samlagssvæðis.

Að 30. gr. veiti þenna rétt ekki aðeins hinum tryggðu félögum sem rétt til endurgreiðslu á útlögðum lyfjakostnaði þeirra, heldur einnig lyfjabúð, sem lætur lyfin af hendi, án þess að sjúkrasamlagsfélagarnir greiði, og utan samlagssvæðis heimili 38. gr. sama rétt. Einnig heldur stefnandi því fram, að þótt þessi réttur verði ekki viðurkenndur beint leiða af lögnum fyrir lyfjabúðirnar, þá leiði hann þó af því, að sjúklingarnir verði að teljast hafa farselt þenna rétt sinn á stefndu með því að koma með lyfseðil í lyfjabúðina, sýna kvittað meðlimaskirteini rétt í Sjúkrasamlagi Akureyrar og neita að greiða meir en $\frac{1}{4}$ lyfjanna á þeim forsendum, að Sjúkrasamlagi Akureyrar beri að greiða $\frac{3}{4}$ lyfjanna. A. m. k. hafi stefnandi skilið þetta svo, enda hafi önnur sjúkrasamlög út um land, er stefnandi hafi átt viðskipti við, greitt $\frac{3}{4}$ lyfja, úttekinna í lyfjabúð Siglufjarðar, fyrir sjúkrasamlagsfélaga sína. Það torveldi og gagn alþýðutryggingalaganna fyrir sjúkra-

samlagsfélaganna, ef félagarnir geti ekki fengið út lyf utan sjúkrasamlags, með því að samlagið sé bundið við slíka úttekt, ef hún fer ekki út yfir þau takmörk, sem heimila féлага innan sjúkrasamlagsins endurgreiðslurétt hjá samlaginu fyrir úttekt lyfja, tekinn innan samlagssvæðis.

Stefnd mótmælir kröfum stefnanda og heldur fast fram, að lögin um alþýðutryggingarnar heimili samlagsmönnum aðeins sjálfum endurgreiðslurétt fyrir úttekt lyfjanna, en veiti lyfjabúðunum engan beinan rétt, nema samningar komi til. Engin viðskiptavenja hafi heldur myndast í aðra átt og krafa stefnanda alls ekki framseld honum af samlagsmanni á stefndu, enda slíkt framsal óframseljanlegt samkv. 87. gr. alþýðutryggingalaganna. Enda þótt eðlilegast hafi verið, að lögin um alþýðutryggingar — ákvæðin um sjúkratryggingu — hefðu veitt lyfjabúðum beinan rétt á samlögin innan þeirra skilyrða, sem samlagsmennirnir sjálfir hafa á sjúkrasamlögin til endurgreiðslu lyfja, því slíkt hefði verið að létta undir lyfjakaup fátækra manna, sem hefðu eigi fé til kaupa nauðsynlegustu lyfja, þó (svo) eru lögin þannig orðuð, að telja verður, að þau gangi aðeins út frá rétti samlagsmanna sjálfra á sjúkrasamlögin, en heimili eigi lyfjabúðunum slíkan rétt, enda þótt viðurkenna verði, að það væri samlagsmönnum til hagsbóta og hægðarauka að þurfa ekki að borga út lyfin, heldur aðeins að vísa lyfjabúðunum á samlögin.

Framsal hefir heldur eigi átt sér stað til stefnanda á kröfum samlagsmanna á samlagið, sem þó hefði eigi komið í bága við 87. gr. tryggingarlaganna, að því er snertir kröfu þá, er hér ræðir um, enda þótt framsal bótakröfu almennt sé eigi heimilt samkvæmt greininni.

Þá er heldur eigi hægt að telja, að nokkur viðskiptavenja hafi myndast um (svo), er stefnandi gæti byggt á rétt sinn gegn stefndu.

Verður því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum verður að telja hæfilegt, að stefnandi greiði stefndu kr. 60.00 í málskostnað.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Stefnd, stjórn Sjúkrasamlags Akureyrar f. h. Sjúkrasamlags Akureyrar, sé sýkn af kröfum stefnanda.

Stefnandi, Aage Schiöth, lyfsali Siglufirði, greiði stefndu, stjórn Sjúkrasamlags Akureyrar fyrir hönd Sjúkrasamlags Akureyrar, kr. 60.00 í málskostnað.

Hið idæmda að greiða (svo) innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. nóvember 1939.

Nr. 35/1939. **Ásgeir Ásgeirsson** (sjálfur)
og **Óli J. Ólason** (Sigurður Ólason)
gegn

Mjólkurfélagi Reykjavíkur
(Gunnar Þorsteinsson).

Um það, hvort stofnast hefði skylda til greiðslu framlengingarvixils.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. marz þ. á., krefjast þess, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnda í málinu og að hann verði dæmdur til þess að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst þess hinsvegar, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það var ágreiningslaust, þegar mál þetta var flutt í héraði, að Eyjólfur Jóhannsson hefði selt framlengingarvixil þann, sem áfrýjendur eru nú sóttir til að greiða, í Sparisjóði Mjólkurfélags Reykjavíkur og varið andvirði hans til greiðslu aðalvixilsins, sem þá var í vanskilum í Landsbankanum. Hér fyrir dómi hefir verið horfið frá þessari lýsingu málsatvika af hendi stefnda. Skýrir hann